

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Reykjavík, 27. mars 2025
UST202310-148/A.P.
08.04

Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi – Geo Salmo hf. Þorlákshöfn

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Geo Salmo hf. um starfsleyfi til landeldis vestan Þorlákshafnar.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir eldi á laxfiskum með allt að 12.160 tonna lífmassa á hverjum tíma. Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar stofnunarinnar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 27. mars 2041. Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur